

Farice ehf.

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Farice ehf. var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflutninga. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og uppbyggingu innviða fyrir íslenskt samfélag. Fyrirtækið rekur þrjá sæstrengi milli Íslands og Evrópu, FARICE-1, DANICE og ÍRIS, sem tengja Ísland við önnur alþjóðleg gagnaflutningskerfi t.a.m. í London, Amsterdam, Dublin og Kaupmannahöfn. Nýjasti strengur félagsins, ÍRIS, var tekinn í notkun 1. mars 2023 og hefur nú þegar aukið fjarskiptaöryggi Íslands umtalsvert, í samræmi við þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2023.

Helsta almenna áhættan í rekstri félagsins snýr að endingartíma sæstrengja þess, en félagið gerir ráð fyrir endurnýjun á þeim í rekstraráætlunum sínum. Einnig getur óvænt bilun haft mikil áhrif á rekstur félagsins ef slík bilun yrði langvinn. Félagið er með samning við viðgerðaskip sem tryggir félaginu forgang að viðgerðapjónustu í sjó ef til slíkrar bilunar kæmi. Reynsla Farice af rekstri sæstrengja er hins vegar afar góð og hefur félagið enn ekki orðið fyrir bilun í sjó. Bilanir í landkerfum eru hins vegar nokkrar á hverju ári og því félaginu mikilvægt að búa yfir mörgum virkum og óháðum leiðum á landi til gagnaflutnings.

Rekstur ársins 2024

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur um 14,5 milljónum evra og er EBITDA 7,0 milljónir evra. Tekjur af sölu á bandvídd hækkuðu um 919 þús evra milli ára og EBITDA hækkaði um 421 þúsund evra milli ára þar sem mest munar um aukna eftirspurn frá gagnaversviðskiptavinum. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 97,4 milljón evra og eigið fé nemur um 70,4 milljónir evra. Eiginfjárhlutfall félagsins er 72,3%. Hagnaður af rekstri félagsins var 4,0 milljónir evra en afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna voru um 7,6 milljónir evra og jákvæð tekjuskattsáhrif voru 5,2 milljónir evra sbr. skýring 15. Félagið greiddi niður skuldir að fjárhæð 2,7 milljónir evra og átti 5,3 milljónir evra af handbæru fé í árslok 2024. Stjórn leggur til að hagnaður félagsins færist til lækkunar á öjöfnuðu tapi félagsins og arður verði ekki greiddur út á komandi ári. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé, sbr. skýringu 16.

Slit á sæstrengjum eru ekki óalgeng í heiminum og í ljósi mikilvægi útlandafjarskipta fyrir Ísland hóf Farice þróun á nýju fjarskiptakerfi sem virkar sem varaleið útlandafjarskipta um gervihnattaleiðir. Kerfið er hannað til þess að stofnanir og fyrirtæki landsins sem sinna þjóðhagslega mikilvægu hlutverki geti verið með tengingu til útlanda ef allir sæstrengirnir rofna á sama tíma. Kerfið var tilbúið til prófunar í árslok 2024 og hafa prófanir gengið samkvæmt áætlun í byrjun ársins 2025. Væntingar Farice standa til að prófunum ljúki fyrri hluta 2025 og að það verði að innleitt í áföngum hjá notendum fyrir lok ársins.

Sýn hf. kærði ákvörðun ESA um að heimila ríkisstuðning til Farice vegna ÍRIS verkefnisins til EFTA dómstólsins í júlí 2021 og ógilti dómurinn ákvörðunina í júní 2022. ESA hefur því málið aftur til skoðunar ásamt samningi Farice við Fjarskiptasjóð frá árinu 2018 og býst Farice við að niðurstaða fáiast í málin á árinu 2025. Farice hefur fengið lagalega ráðgjöf um að niðurstaða EFTA dómstólsins snúi að rannsókn ESA og varði ekki efnisinntak ákvörðunar ESA. Farice gerir þannig ekki ráð fyrir öðru en að fyrri ákvörðun ESA um ríkisstuðninginn verði staðfest í ýtarlegri skoðun ESA á málinu.

Mikilvægt er að huga að sambýli sæstrengja og sjókvíaldis sem er hratt vaxandi iðnaður á Íslandi. Vernd sæstrengja fyrir veiðum og akkerum skipa er mikilvæg vörn fyrir fjarskiptaöryggi Íslands. Skýr lagaákvæði í fjarskiptalögum um helgunarsvæði sæstrengja í fjarskiptalögum eru því mikilvæg fyrir fjarskiptaöryggi Íslands. Sama vörn gildir hins vegar ekki um akkeri sjókvía sem skapar óvissu varðandi þróun og leyfisveitingar vegna sæstrengja og sjókvía. Farice hefur ítrekað bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að uppfæra fjarskiptalög vegna þessa misræmis þannig að ótvírætt sé kveðið á um að sæstrengir njóti verndar frá akkerum sjókvía ekki síður en akkerum skipa.

Þróunarverkefni eru félaginu mikilvæg til þess að auka öryggi útlandafjarskipta, styrkja netinnviði og bæta þjónustu við viðskiptavinum. Stærstu verkefni félagsins eru undirbúningur og lagning fjarskiptasæstrengja sem eru stór og kostnaðarsöm verkefni og þarfnast ítarlegar skoðunar áður en til framkvæmda kemur. Fyrstu skrefin voru tekin á árinu til undirbúnings á næsta sæstreng með skoðun á mögulegum lendingarstöðum í Evrópu og á Íslandi. Einnig hóf félagið skoðun á ljósleiðaraleiðum frá lendingastöðvum að netmiðjum m.a. með markaðskonun hjá markaðsaðilum á landsdekkandi ljósleiðarakerfum á Íslandi.

FARICE-1 er elsti fjarskiptasæstrengur félagsins og er hann nú rúmlega 20 ára. Eftir ýtarlega skoðun á honum á árinu 2023 var ákveðið að endurnýja aflbúnað strengsins. Um var að ræða fjárfestingu upp á um EUR 2m og lauk útskiptingu á aflbúnaðinum í desember 2024. Útskiptin gengu vel og er mat félagsins að FARICE-1 muni nýttast félaginu í a.m.k. 10 ár til viðbótar.

Félagið framkvæmdi virðisryrnunarpróf á eignum félagsins. Niðurstaða matsins er að eignir félagsins standist prófið, þ.m.t. ÍRIS sæstrengurinn sem tekinn var í notkun á árinu 2023. Tilgangur ÍRIS verkefnisins er að auka fjarskiptaöryggi Íslands og því metur félagið fjárfestinguina út frá endurstofnverði í samræmi við IPSAS 21 sbr. skýringu 14.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur tæknibúnað í nokkrum löndum og krefst sá búnaður reglulegs viðhalds og uppsetningar. Félagið þarf þannig að sinna viðhaldi og eftirliti með reglulegum hætti erlendis. Innleiðingu lauk á árinu á formlegu stjórnskipulagi net- og upplýsingaöryggis, í samræmi við lög nr. 70/2022 um fjarskipti, með hliðsjón af ISO/IECC 27001 gæðastaðlinum. Í byrjun ársins 2024 tók gæðastjóri til starfa hjá félaginu sem hefur nú þegar styrkt innri viðbúnaðarumgjörð félagsins.

Hjá félaginu störfuðu 9 starfsmenn í fullu starfi á árinu og þrír í hlutastarfi og fjölgaði stöðugildum um tvö frá fyrra ári.

Hlutfé

Engin breyting var á hlutfé í félaginu á árinu. Í árslok og ársbyrjun átti Ríkissjóður Íslands allt hlutfé félagsins. Félagið á enga eigin hluti.

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhald ríkisins í Farice ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum, tveimur konum og einum karlmanni auk varamanns. Breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu þegar Helga Björg Helgadóttir Valberg kosin inn í stjórnina sem nýr stjórnarmaður. Fyrir voru Martha Eiríksdóttir og Ríkarður Ríkarðsson sem voru kosin til áframhaldandi stjórnarsetu. Nanna Kristín Tryggvadóttir var kosin varamaður. Stjórn skipti með sér verkum og er Martha stjórnarformaður og Ríkarður varaformaður. Stjórn samþykkti starfsreglur og starfsáætlun stjórnar í upphafi starfstíma. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins og er Þorvarður Sveinsson framkvæmdastjóri þess.

Innleiðing stendur yfir á stefnu um innra eftirlit og hefur félagið sett sér markmið um að fullklára þá innleiðingu fyrir árslok 2025 og er mat stjórnar að því markmiði verði náð á árinu. Takmarkanir eru á innra eftirliti vegna þess hve fá stöðugildi eru hjá félaginu en félagið hefur farið í aðgerðir til þess að bregðast við þeirri áhættu. Aðaláhersla við áhættumat félagsins tengist aðgerðaráætlunum til að bregðast við mögulegri truflun á fjarskiptasambandi vegna sæstrengja auk varna gegn netárásum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga auk þess að beita ákvæðum IPSAS staðlana um reikningsskil ríkisins og opinberra stofnanna eins og við á sbr. skýringu 2A. um grundvöll reikninsskilana. Ársreikningurinn gefur glögga mynd af eignum og skuldum félagsins og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024, rekstrarafkomu og sjóðstreymi fyrir rekstrarárið sem lauk 31. desember 2024 auk þess að lýsa áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Þrátt fyrir taprekstur undargenginna ára er félagið að skila hagnaði á árinu og eru horfur jákvæðar fyrir afkomu næstu ára. Því telur stjórnin ekki ástæðu til að efast um rekstrarhæfi félagsins, sbr. skýringu 17. Skýrsla stjórnar veitir yfirsýn yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farice ehf. staðfesta hér með ársreikning Farice ehf.
2024 með undirritun sinni.

Stjórn Farice ehf.

Martha Eiríksdóttir, stjórnarformaður

Ríkarður Ríkarðsson

Helga Björg Helgadóttir Valberg

Þorvarður Sveinsson, framkvæmdastjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

Álit

Ársreikningur Farice ehf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Farice ehf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Farice ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Farice ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.

Áritun Ríkisendurskoðunar

- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 31. mars 2025

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Sala á bandvidd		14.323.209	13.404.693
Aðrar tekjur		176.265	10.400
	3	14.499.474	13.415.093
Rekstur fjarskiptakerfa		5.509.117	5.246.021
Annar rekstrarkostnaður		1.964.465	1.564.179
	13	7.473.582	6.810.200
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		7.025.892	6.604.893
Afskriftir	14	(7.592.859)	(7.979.174)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		(566.967)	(1.374.281)
Vaxtatekjur	9	186.928	166.053
Vextir og verðbætur	10	(827.994)	(909.935)
Gengistap	2	(60.689)	(939)
Hrein fjármagnsgjöld		(701.754)	(744.820)
Tap ársins fyrir skatta		(1.268.721)	(2.119.101)
Tekjuskattur	15	5.227.045	0
Hagnaður (tap) ársins		3.958.324	(2.119.101)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	14	82.424.304	86.728.895
Fyrirframgreiddur kostnaður	11,6	2.639.817	2.896.574
Tekjuskattsinneign	15	5.227.045	0
Fastafjármunir samtals		90.291.165	89.625.469
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	694.991	379.039
Aðrar kröfur	12	857.302	572.904
Fyrirframgreiddur kostnaður, skammtímahluti	11,6	256.757	271.433
Handbært fé	5	5.267.043	5.175.322
Veltufjármunir samtals		7.076.093	6.398.698
Eignir samtals		97.367.258	96.024.167
Eigið fé			
Hlutfé		78.275.905	78.275.905
Ójafnað tap		(7.842.862)	(11.801.186)
Eigið fé samtals	16	70.433.043	66.474.719
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	8	22.945.640	25.645.128
		22.945.640	25.645.128
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	8	2.699.487	2.699.487
Viðskiptaskuldir	4	622.137	610.949
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur		666.952	593.885
Skammtímaskuldir samtals		3.988.576	3.904.321
Skuldir samtals		26.934.215	29.549.448
Eigið fé og skuldir samtals		97.367.258	96.024.167

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		3.958.324	(2.119.101)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	14	7.592.859	7.979.174
Breyting á tekjuskattsinneign	15 (	5.227.045)	0
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	11	271.433	265.905
Veltufé frá rekstri		6.595.571	6.125.978
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna	(	600.351)	(124.185)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda		84.255	(91.107)
	(	516.096)	(215.293)
Handbært fé frá rekstri		6.079.475	5.910.686
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	14 (	3.288.268)	(2.680.542)
Fjárfestingahreyfingar	(	3.288.268)	(2.680.542)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýtt hlutafé		0	400.000
Afborganir langtímalána	8 (	2.699.487)	(2.699.487)
Fjármögnunarhreyfingar	(	2.699.487)	(2.299.487)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		91.721	930.657
Handbært fé 1. janúar		5.175.323	4.244.666
Breyting ársins		91.721	930.657
Handbært fé 31. desember		5.267.043	5.175.323

Skýringar

1. Félagið

Farice ehf., kt. 511203-2950, er íslenskt einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með starfsstöð að Guðríðarstíg 2-4 í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og nærliggjandi landa í gegnum sæstrengi sem tengjast landsnetum í Danmörku, Bretlandi, Færeyjum og Írlandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

A. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr 3/2006 um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga auk þess sem félagið beitir ákvæðum IPSAS staðlanna sem fjalla um reikningsskil ríkisins og opinberra stofnanna við virðisrýrnunarpróf á eignum tengdum almannahagsmunum eins og nánar er greint frá í skýringu 14. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er settur fram í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

B. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

C. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evrum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar til bókar þegar til þeirra hefur verið unnið. Reglubundnar tekjur samanstanda af sölu á fjarskiptasamböndum milli Íslands, Færeyja, Bretlands, Írlands og meginlands Evrópu í gegnum sæstrengi í eigu félagsins. Tekjur eru stöðugar og fyrirsjáanlegar og byggja á sölusamningum sem almennt eru gerðir til a.m.k. eins árs í senn.

Um 64% af tekjum félagsins vegna sölu á bandvídd koma frá fjórum sölusamningum en hlutfallið var 66% árið 2023. Um 57% tekna af bandvídd eru vegna innanlandsviðskipta sem er sama hlutfall og árið á undan.

Á meðal annarra tekna er styrkur frá Fjarskiptasjóði vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðs við uppsetningu varaleiða fjarskiptasambanda yfir gervihnetti. Styrkurinn nam um 170 þús. evra.

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði og endanlega tapaðar kröfur eru færðar úr bókum félagsins. Um 81% viðskiptakrafna við árslok voru í evrum (2023: 95%).

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Farice ehf. Limited

Dótturfélag Farice er: Farice ehf. Limited., 45 Mespil Road, Dublin 4, D04 W2F, Dublin, Írlandi

Á árinu 2022 stofnaði Farice ehf. dótturfélagið Farice ehf. Limited á Írlandi vegna útgáfu lendingarleyfisins fyrir IRIS strenginn. Félagið er að fullu í eigu Farice ehf. og hefur það afmarkaða hlutverk að halda lögformlega á leyfinu að kröfu írskra stjórnvalda. Félagið hefur þannig ekki annan tilgang en eignarhald á leyfinu sem er afskrifað yfir áætlaðan notkunartíma strengsins, sem er 20 ár. Í ársreikningi þessum er rekstur og efnahagur Farice ehf Limited innifalinn en ekki færður sem eignarhlutur í dótturfélagi. Stjórnendur telja að það sé í samræmi við 11.gr. 8.tl. ársreikningalaga sem fjallar um að færa skuli og setja fram miðað við efni eða fyrirkomulag viðkomandi liðar. Að framansögðu hefur ekki verið saminn samstæðuársreikningur í samræmi við heimildir í 68. gr. ársreikningalaga þar sem dótturfélagið eitt og sér skiptir överulegu máli þegar litið er til heildarefnahags félagsins.

Skýringar

7. Tengdir aðilar

Hluthafar, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir teljast til tengdra aðila. Engir tengdir aðilar keyptu þjónustu af félaginu árið 2024 og félagið greiddi ekki fyrir vörur eða þjónustu frá tengdum aðilum á árinu. Langtímalán félagsins er frá Endurlánum ríkissjóðs, sjá nánar í skýringu 8.

8. Vaxtaberandi skuldir

Endurlán ríkissjóðs (ER) er í evrum og ber fasta 2,5% vexti. DANICE strengurinn, lendingarstöð DANICE á Landeyjasandi ásamt öllum tengdum eignum og búnaði eru veðsett fyrir skuld félagsins við ER. Félagið hefur síðustu ár nýtt laust sjóðsflæði til niðugreiðslu lánsins umfram fastar afborganir en í ljósi hagstæðra vaxtakjara sem bjóðast á innlánsreikningum hefur félagið markað sér stefnu um lausafjárstýringu sem miðar að því að ávaxta laust fé á innlánsreikningum sé það hagfellt fyrir félagið.

Langtímalán félagsins er sundurliðuð hér með tilliti til breytinga milli ára og væntra framtíðarafborgana:

	2024		2023	
	Vextir 2,5%	Eftirstöðvar	Vextir 2,5%	Eftirstöðvar
Veðlán frá ER í evrum, með loka gjalddaga 2034.....		25.645.128		28.344.615
Næsta árs afborganir.....		(2.699.487)		(2.699.487)
Vaxtaberandi langtímaskuldir við árslok.....		22.945.641		25.645.128

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2024	2023
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar	28.344.615	31.044.102
Afborganir ársins.....	(2.699.487)	(2.699.487)
Vaxtaberandi skuldir 31. desember	25.645.128	28.344.615

Afborganir greinast þannig næstu ár:

	2024	2023
Afborganir 2025/2024	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2026/2025.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2027/2026.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2028/2027.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2029/2028.....	2.699.487	2.699.487
Síðar.....	12.147.693	14.847.180
	25.645.128	28.344.615

9. Sundurliðun fjármagnstekna

Vaxtatekjur félagsins greinast með eftirfarandi hætti:	2024	2023
Innvextir af innstæðum í innlendum bönkum	186.857	165.955
Innvextir af innstæðum í erlendum bönkum	72	98
Samtals	186.928	166.053

10. Sundurliðun fjármagnsgjalda

Vaxtagjöld félagsins greinast með eftirfarandi hætti:	2024	2023
Vaxtagjöld af langtímaláni	677.506	744.947
Ábyrgðagjald ER fært í rekstrarreikning	150.333	164.988
Samtals	827.839	909.935

Skýringar

11. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af gjaldi fyrir ríkisábyrgð á láni frá Endurlánum ríkissjóðs sem tekið var 2019 annars vegar og lendingarleyfi vegna IRIS sæstrengsins sem greitt var með eingreiðslu árið 2022. Leyfið gildir til 35 ára og verður gjaldfært yfir áætlaðan afskriftartíma strengsins á 20 ára tímabili. Eignarhald leyfisins er í höndum írsks dótturfélags Farice í samræmi við formkröfur frá írskum stjórnvöldum. Fyrirframgreiddur kostnaður greinist með eftirfarandi hætti:

	Ábyrgðargjald ER	Lendingarleyfi IRIS
Staða við árslok	696.591	2.199.983
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2025, birtar á meðal veltufjár	135.657	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2026	120.990	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2027	106.323	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2028	91.667	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2029	76.990	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning síðar	164.963	1.594.483

Fyrirframgreiddur kostnaður birtist þannig í efnahagsreikningi:

	2024	2023
Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal fastafjármuna	2.639.817	2.896.574
Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal veltufjármuna	256.757	271.433
Staða við árslok	2.896.574	3.168.007

12. Aðrar kröfur

Aðrar kröfur samstanda af fyrirframgreiddum gjöldum svo sem til fjarskiptabirgja, vegna framvirkra þjónustusamninga við viðgerðaraðila, framvirkra hugbúnaðarleyfa auk skammtímakrafna vegna virðisaukaskatts í öðrum ríkjum.

13. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður félagsins greinist með eftirfarandi hætti:

Laun og launatengd gjöld	2024	2023
Laun	1.168.216	923.136
Launagöld	263.316	204.633
Orlofsskuldbinding	38.778	1.124
Samtals	1.470.309	1.128.893

Ársverk	10	8,5
---------------	----	-----

Almennur rekstrarkostnaður

Rekstur fjarskiptakerfa	5.509.117	5.246.021
Endurskoðun ársreiknings	30.760	25.748
Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður	463.396	409.538
Samtals	6.003.273	5.681.307

Skýringar

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti frá þeim tíma sem eignir eru teknar í notkun, miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengibúnaður.....	5 - 10 ár
Tengistöðvar.....	20 -30 ár
Sæstrengir og búnaður undir sjávarmáli.....	20 -30 ár
Aðrar eignir.....	5 - 10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og leiðrétt ef við á.

	Fjarskipta- búnaður og tæki	FARICE-1	DANICE	IRIS	Samtals
Heildarverð					
Heildarverð 1.1.2023	24.768.679	46.950.412	83.758.167	48.671.500	204.148.758
Viðbót á árinu	1.001.838			1.678.704	2.680.542
Úrelt á árinu	(9.005.323)				(9.005.323)
Heildarverð 31.12.2023	16.765.194	46.950.412	83.758.167	50.350.204	197.823.977
Viðbót á árinu	1.375.360	1.863.112	0	49.796	3.288.268
Úrelt á árinu	(1.005.896)				(1.005.896)
Heildarverð 31.12.2024	17.134.658	48.813.524	83.758.167	50.400.000	200.106.349

Afskriftir

Afskrifað 1.1.2023	18.874.296	42.991.300	50.255.636	0	112.121.232
Afskriftir ársins	1.588.165	395.911	3.883.184	2.111.914	7.979.174
Fært út á árinu	(9.005.323)				(9.005.323)
Afskrifað 31.12.2023	11.457.138	43.387.211	54.138.820	2.111.914	111.095.083
Afskriftir ársins	861.600	411.437	3.799.822	2.520.000	7.592.859
Fært út á árinu	(1.005.896)				(1.005.896)
Afskrifað 31.12.2024	11.312.842	43.798.648	57.938.642	4.631.914	117.682.046

Bókfært verð

Bókfært verð 31.12.2023	5.308.056	3.563.201	29.619.347	48.238.290	86.728.894
Bókfært verð 31.12.2024	5.821.816	5.014.876	25.819.525	45.768.086	82.424.303

Fasteignir félagsins eru staðsettar á Íslandi og í Skotlandi.

	FNR	Fasteignamat	Brunabótamat
Sandbakki 3	F2519037	56.984	162.265
Hallgeirsey 2	F2314984	293.120	1.247.047
Gill Park, Skotlandi	1160088507	541.939	

Vátryggingarverðmæti fjarskiptabúnaðar og tækja á landi nam um 22,9 millj. evra í ársbyrjun 2025.

Bókfært virði úrelts búnaðar sem færður var úr bókum félagsins á árinu nemur um 102,7 þúsund evra.

Á meðal rekstrarfjármuna er eignfærður fjármagnskostnaður að fjárhæð 984,7 þúsund evra.

Skýringar

14. Rekstrarfjármunir

Á árinu voru gerðar umfangsmiklar endurbætur á FARICE-1 kerfinu þar sem aflbúnaður var endurnýjaður á öllum þremur endastöðvum strengsins. Heildarkostnaður verkefnisins nam um 1,9 millj. evra og er áætlað að endurbæturnar framlengi líftíma kerfisins um 10 ár. Aflbúnaðurinn var tekinn í notkun undir lok ársins og miðast afskriftir hans við einn mánuð. Í kjölfar endurmats á væntum líftíma FARICE-1 árið 2023, var afskriftaraðferðum strengsins breytt til samræmis við væntan notkunar- og líftíma og verður strengurinn afskrifaður að fullu með línulegri aðferð til ársins 2033.

Virðisrýrnunarpróf var framkvæmt á öllum strengjum félagsins og tengdum eignum miðað við stöðu rekstrarfjármuna við árslok með aðferð notkunarvirðis þar sem beitt er sjóðstreymisaðferð sem byggir á að áætla framtíðarfjárflæði sjóðskapandi eininga og núvirða það til dagisins í dag með viðeigandi ávöxtunarkröfu. Niðurstaða sjóðstreymismats er að notkunarvirði sæstrengjanna við árslok sé umfram bókfært virði eignagrunns og er því ekki þörf á að færa niður virði rekstrarfjármuna að mati stjórnenda.

Meginhlutverk IRIS strengsins er að tryggja fjarskiptaöryggi Íslands í samræmi við kröfur stjórnvalda. Kröfur um arðsemi lágu því ekki til til grundvallar við fjárfestingu í strengnum heldur öryggissjónarmið og er það því mat stjórnenda að framkvæmd virðisrýrnunarprófs í samræmi við IAS 36 sé ekki viðeigandi þar sem það byggir á að meta markaðsverð eða núvirt framtíðarsjóðstreymi. Af þeirri ástæðu telja stjórnendur að víkja þurfi frá ársreikningalögum í samræmi við 5. gr. laga um árseikninga sem heimila að víkja frá þeim gefi þau villandi mynd af rekstri eða efnahag. Er virðisrýrnunarpróf vegna IRIS fjarskiptastrengsins því framkvæmt í samræmi við IPSAS staðlana sem fjalla um reikningsskil ríkisins og opinberra stofnana. Samkvæmt IPSAS 21 er heimilt að ákvarða endurheimtanlegt virði fjárfestingar út frá endurstofnverði eignarinnar. Ekki eru til staðar vísbendingar um að endurstofnverð IRIS strengsins sé lægra en bókfært verð og virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt er í samræmi við IAS 36 gefur heldur ekki vísbendingu um að virðisrýrnun hafi átt sér stað. Gerð og framsetning ársreikningsins er í samræmi við ársreikningalög fyrir utan það frávík sem nefnt er hér að framan.

15. Tekjuskattur

Útreikningur tekjuskattsinneignar byggir á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattsinneign hefur fram til þessa verið reiknuð en ekki færð til bókar í ársreikning vegna óvissu um nýtingu þar sem félagið hefur að mestu skilað taprekstri á undanförunum árum. Vegna jákvæðra horfa í rekstri félagsins hafa stjórnendur metið tilefni til að færa tekjuskattsinneign í ársreikning að því marki sem talið er að hún nýtist.

Yfirfæranlegt tap í árslok 2024 greinist sem hér segir:

Skattalegt tap ársins 2015 nýtanlegt til 2025	1.728.612
Skattalegt tap ársins 2016 nýtanlegt til 2026	4.742.482
Skattalegt tap ársins 2017 nýtanlegt til 2027	2.514.220
Skattalegt tap ársins 2018 nýtanlegt til 2028	855.182
Skattalegt tap ársins 2019 nýtanlegt til 2029	3.159.810
Skattalegt tap ársins 2023 nýtanlegt til 2033	1.566.374
Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals	14.566.680

Tekjuskattsinneign greinist þannig:

	2024	2023
Rekstrarfjármunir	2.690.150	2.250.348
Frestaður gengismunur	8.461	(9.255)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	2.913.336	4.178.263
Virðisrýrnun tekjuskattseigna	(384.902)	(6.419.357)
Skatteign samkvæmt efnahagsreikningi	5.227.045	0

Skýringar

16. Eigið fé

Hlutfé félagsins er um 78,3 millj. evra og er óbreytt frá fyrra ári.

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024	78.275.905	(11.801.186)	66.474.719
Afkoma ársins		3.958.324	3.958.324
Eigið fé 31.12.2024	78.275.905	(7.842.862)	70.433.043

17. Rekstrarhæfi

Á undanförunum árum hefur félagið verið rekið með umtalsverðu tapi en á sama tíma hefur EBITDA og fjárstreymi frá rekstri verið jákvætt. Árið 2019 greiddi félagið upp óhagstæð lán, tók ný á hagkvæmari kjörum og uppsafnað tap í ársbyrjun 2019 var jafnað með lækkun á hlutfé. Áætlanir gera ráð fyrir að félagið nái að skila hagnaði árið 2026 og er því ekki ástæða til að efast um rekstrarhæfi Farice við árslok 2024 að mati stjórnenda.

Undirritunarsíða

Ríkarður Sigfús Ríkarðsson

Marta Eiríksdóttir

Þorvarður Sveinsson

Helga Björk Helgadóttir Valberg